

Erindisbréf

starfshópur um mótun framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur verið í viðræðum við ríkissjóð Íslands um kaup á spítalahúsi St. Jósefsspítala og hillir undir lok þeirra viðræðna með þeirri niðurstöðu að Hafnarfjarðarkaupstaður kaupir húsið. Í viðræðunum er gengið út frá því að rekin verði almannaþjónusta í fasteigninni.

Bæjarráð telur að rétt sé að skipa starfshóp um notkun St. Jósefsspítala.

Hlutverk:

Meginverkefni hópsins er að móta framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala þar sem gengið skal út frá því að í húsinu verði rekin almannaþjónusta.

Skipulag:

Starfshópurinn skal hefja störf eftir að erindisbréfið hefur verið afgreitt í bæjarráði og miða við að skila niðurstöðu 1. júlí 2017.

Hópurinn skal hafa víðtækt samráð og samtal við íbúa og hagsmunaaðila. Þá skal hópurinn hafa víðtækt samráð við þær stofnanir og ráð bæjarins sem þurfa að koma að málinu.

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Starfshópurinn starfar í umboði bæjarráðs.

Skipan hópsins:

Fulltrúar skulu vera frá öllum flokkum í bæjarstjórn.

Bæjarráð skipar eftirtalda í hópin:



HAFNARFJÖRÐUR

Starfsmaður hópsins er

Samþykkt í bæjarráði,

DRÖG